



Reykjavík, 8. maí 2015

Niðurstaða athugunar á lánveitingum MP banka hf. til lögaðila

Fjármálaeftirlitið hefur framkvæmt athugun á nýjum lánveitingum MP banka til fyrirtækja. Athugunin fór fram á öðrum ársfjórðungi 2014. Markmið athugunarinnar var að kanna útlánaferli MP banka, með tilliti til fylgni við útlánareglur og stefnu bankans um verðlagningu og tryggingatöku.

MP banki afhenti Fjármálaeftirlitnu yfirlit yfir öll ný útlán bankans á 12 mánaða tímabili sem voru hærrí en 100 milljónir króna. Fjármálaeftirlitið tók lánveitingar til tveggja lögaðila til nánari skoðunar og var miðað við að annað útlánið væri til viðskiptavinar sem væri þegar í viðskiptum við bankann og hitt væri til viðskiptavinar sem ekki hefði verið í viðskiptum við bankann fyrir veitingu lánsins. Útlánin námu samtals tæpum 900 milljónum króna. Athugunin fór þannig fram að Fjármálaeftirlitið skoðaði feril lánveitinga frá því umsókn eða beiðni um lánveitingu barst MP banka og þar til að bankinn hafði greitt lánið út. Við athugunina studdist Fjármálaeftirlitið við lánastefnu MP banka, lánareglur hans auk gagna sem tengdust lánasamþykktunum.

Niðurstöður athugunarinnar

Niðurstöður athugunarinnar eru byggðar á þeim upplýsingum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins voru fyrrgreindar lánveitingar bankans í samræmi við innri reglur bankans. Fjármálaeftirlitið gerði þó athugasemd við að ákvörðun stjórnar bankans um að samþykkja lánsbeiðni milli funda hefði ekki komið skýrt fram í næstu fundargerð hennar en um var að ræða lán sem stjórn bankans bar að veita samþykki fyrir samkvæmt útlánareglum bankans.